

4. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Skal stjórnin hafa lokið hinum árlega reikningi fyrir miðjan febrúar. Skal reikningurinn endurskoðaður af sömu endurskoðendum og reikningar Búnaðarfélags Sveinsstaðahrepps og borinn upp til samþykktar á aðalfundum þess.

108

6. júní

5. gr.

Með þeim undantekningum, sem síðar er fram tekið í þessari grein, skal ávallt bæta við höfuðstólinn að minnsta kosti $\frac{1}{10}$ hinna árlegu vaxta hans og öllu öðru, er sjóðnum kann að áskotnast. Vextirnir skulu allir lagðir við höfuðstólinn, þar til hann er orðinn alls kr. 1500.00. Þá sjóðurinn hefir náð nefndri upphæð, kr. 1500.00, skal $\frac{1}{4}$ ársvaxtanna leggjast við höfuðstólinn, en $\frac{3}{4}$ hlutar þeirra varið samkv. 2. gr. skipulagsskrárinnar, þar til höfuðstóllinn er orðinn kr. 5000.00, þá má verja $\frac{1}{10}$ hlutum vaxtanna samkvæmt 2. gr. skipulagsskrárinnar.

Nú ber svo við, gð stofnaður verði nýr trjálundur innan Sveinsstaðahrepps, eða er nýstofnaður, þá heimilast stjórninni að verja af höfuðstól sjóðsins til styrktar þeim lundum, þeirri upphæð, sem hún telur rétt vera, til þess að ná höfuðmarki hans, sem tilgreint er í 2. gr. þessarar skipulagsskrár. Þó má aldrei skerða höfuðstólinn meira en það, að eftir verði að minnsta kosti 1000 krónur.

6. gr.

Breytingar á þessari skipulagsskrá getur Búnaðarfélag Sveinsstaðahrepps gert, ef breytingarnar eru samþykktar á tveimur aðalfundum félagsins í röð, og þær ná samþykki viðkomandi stjórnarvalda Íslands.

7. gr.

Stjórn sjóðsins skal leita konunglegrar staðfestingar á þessari skipulagsskrá.

Skipulagsskrá þessi samþykkt óbreytt á aðalfundi Búnaðarfélags Sveinsstaðahrepps, í skólahúsi hreppsins, 12. apríl 1940.

Jón Kr. Jónsson.

Magnús B. Jónsson.

Jón S. Pálmason.

ARÐSKRÁ

fyrir Fiskræktar- og veiðifélag Úlfarsár.

109

10. júní

Korpúlfsstaðir og Lambhagi	45	einingar
Blikastaðir	14	—
Grafarholt	2,5	—
Úlfarsá	8	—
Reynisvatn	14	—
Fellsmúli	1,5	—
Úlfarsfell	5	—
Óskot	3,5	—
Miðdalur	1	—
Pormóðsdalur	4,5	—
Ægir, sundfél.	1	—
	100	einingar

- 109 Arðskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 61 23. júní 1932, um lax- og silungsveiði, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 10. júní 1940.

Hermann Jónasson.

Páll Pálmason.

- 110
12. júní

SAMÞYKKT

fyrir Veiðifélag Árnesinga.

1. gr.

Félagið heitir Veiðifélag Árnesinga, skammstafað V. Á. Heimili þess og varnarþing er á Selfossi.

2. gr.

Félagssvæðið er allar þær jarðir, sem land eiga að eftirtöldum laxveiðiám og eru þær þessar:

Ölfusá: Óseyrarnes, Hraun, Hraunshjáleiga, Lágur, Hraunshóll, Flóagafli, Hallskot, Kaldaðarnes, Lambastaðir, Kálfhagi I og II, Arnarbæli, Auðsholt og hjáleiga, Kirkjuferja og hjáleiga, Litla-Sandvík, Kotferja, Stóra-Sandvík I og II, Eyði-Sandvík, Björk, Geirakot, Nabbi, Stekkar, Þórustaðir, Árbær, Selfoss I, II, III, Hellir og Fossnes, Laugardælur, Laugarbakkar, Tannastaðir.

Sog: Alviðra, Torfastaðir I og II, Norðurkot, Miðengi, Bildsfell, Tunga, Ásgarður, Syðri-Brú, Búrfell.

Hvítá: Skróðvangur, Öndverðarnes, Hraunkot, Stóra-Ármót, Snæfoksstaðir, Vaðnes, Langholt I og II, Hallandi, Stóru-Reykir, Litlu-Reykir, Arnarbæli I og II, Kiðjaberg, Hestur, Brúnastaðir I, II, Oddgeirshólar, Höfði, Austurkot, Hjálmholt, Laugar, Árhraun, Gíslastaðir, Vatnsnes, Hamrar I, II, Útverk, Miðbýli, Fjall I, II, Iða I, II, Skálholt I, II, Laugarás, Auðsholt I til IV, Höfði, Hvítárholt, Bræðratunga, Halakot, Ásakot, Lambhúskot, Galtalækur, Krókur, Borgarholt, Borgarholtskot, Bryðjuholt, Kópavatn, Gróf, Skipholt, Bergsstaðir, Drumboddsstaðir, Einholt, Haukholt, Foss, Hlíð, Gýgjarhóll, Gýgjarhólkskot, Brattholt, Tungufell, Jaðar.

Brúará og Hagaós: Hverakot (Sólh.), Kringla, Bjarnastaðir, Þórisstaðir, Reykjanes, Mosfell, Sel, Spóastaðir, Hagi, Miklaholt, Syðri-Reykir, Böðmósstaðir, Efri-Reykir, Efsti-Þalur I, II.

Tungufljót: Hrosshagi, Torfastaðir, Reykjavellir, Brautarhóll, Stóra-Fljót, Fell, Fellskot, Vatnsleysa I, II.

Fullsæll: Tjörn, Brekka.

Andalækur: Miðhús, Úthlíð, Hrauntún, Stekkholt, Austurhlíð, Stritla.

Litla-Laxá: Efra-Langholt I, II, Langholtskot, Ásatún (Snússa), Efra-Sel, Syðra-Sel, Hrafnkelsstaðir, Gróf, Grafarbakki I, II, Hvammur, Högnastaðir, Ás, Reykjadalsskot, Reykjadalur, Hruni, Þverspyrna, Berghylur, Kluffir, Flúðir.

Stóra-Laxá: Unnarholt, Unnarholtskot, Bjarg (Bolaf.), Eiríkibakki, Ósabakki, Syðra-Langholt I, II, Birtingaholt, Reykir, Sandlækur, Sandlækjarkot, Skarð, Glóra, Háholt, Hrepphólar, Hólakot, Núpstún, Sóleyjarbakki, Hlíð, Sólheimar, Laxárdalur, Hörgholt, Kaldbakur, Hrunakrókur.